

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 22. nóvember 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2006.

Fyrir fundinum lá tillaga sveitarstjóra að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2006. Í tillögunni er gert ráð fyrir talsverðum breytingum sem hreppsnefnd yfirfór og gerði tillögu um nokkrar breytingar. Samþykkt að fela sveitarstjóra að yfirfara niðurstöðurnar og leggja áætlunina fyrir á næsta fundi.

2. Bréf:

a) *Menntamálaráðuneytisins, dags. 13. nóvember 2006.*

Með bréfinu er boðið til málþings í tengslum við endurskoðun grunnskólalaga en málþingið verður haldið 25. nóvember nk.

Bréfið var til kynningar en ekki ákveðið um þátttöku í málþinginu.

b) *Skipulagsstofnunar, dags. 16. nóvember 2006.*

Í bréfinu er fjallað um að flutningskerfi heits vatns vegna fyrirhugaðrar hitaveitu sé tilkynningarskyld framkvæmd.

Bréfið var til kynningar.

3. Fundargerðir:

a) *Atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 10. okt. 2006.*

Fundargerðin var samþykkt.

b) *Stjórnar SSNV, dags. 3. okt. 2006.*

Fundargerðin var til kynningar.

c) *Almannavarnanefndar, dags. 8. okt. 2006.*

Fundargerðin var til kynningar.

d) *Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 6. nóv. 2006.*

Fundargerðin var til kynningar.

4. Önnur mál

- Oddviti tók til umfjöllunar kaup á eigninni Bogabraut 7. Bréf hafði komið frá fjármálaráðuneyti þar sem tillaga er gerð að samningi um kaup á eigninni. Samþykkt að ganga til samninga við ráðuneytið á forsendu tilboðsins. Sveitarstjóra var falið að láta fara fram ástandsskoðun á eigninni á næstu dögum.

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

- Oddviti kynnti erindi forstjóra Vinnumálastofnunar sem óskar eftir tilnefningu tveggja fulltrúa hreppsnefndar til samstarfs við stofnunina vegna undirbúnings á flutningi verkefnis frá atvinnuleysistryggingasjóði til sveitarfélagsins. Samþykkt að tilnefna oddvita og sveitarstjóra í samráðshóp.
- Sveitarstjóri lagði fram teikningar sem Jon Nordsteien arkitekt hefur gert af húsinu Ánesi en stuðningur fékkst frá Húsafriðunarnefnd til að gera úttekt á húsinu og kostnaðarmat. Samþykkt að sækja um styrk til Húsafriðunarnefndar til endurbóta á húsinu.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19⁰⁰

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)